

Ákvörðun nr. 8/2023
Þriðjudagurinn , 28. febrúar 2023

Sameiginlegt verkefni Origo hf. og Borealis Data Center ehf. um að veita háhraðatölvunarþjónustu (HPC)

1. Þann 25. janúar 2023 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna stofnunar Origo hf. (hér eftir „Origo“) og Borealis Data Center ehf. (hér eftir „Borealis DC“) á fyrirtæki, Responsible Compute ehf. (hér eftir „RC“) um sameiginlegt verkefni, sbr. d. lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 5. og 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunatilkynningin var fullnægjandi og byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 26. janúar 2023.
2. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem með fylgdu, sem og opinberra gagna og aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Samkeppniseftirlitið aflaði einnig viðbótargagna frá samrunaaðilum ásamt sjónarmiðum keppinauta.
3. Í samrunaskrá segir að félögin eigi hvort um sig 50% eignarhlut í félaginu RC. Félagið sé ekki tekið til starfa, en fyrirhugað sé að það gegni til frambúðar allri starfsemi sjálfstæðrar efnahagseiningar, með því að veita svonefnda High Performance Computing Services („HPC“), þ.e. „HPC“ þjónustu eða háhraðatölvunarþjónustu.¹
4. Líkt og fram kemur í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila eftirfarandi:
 - a) Hlutverk Origo er að veita viðskiptavinum sínum heildarlausnir á sviði upplýsingatækni með þróun og sölu á hugbúnaði, tölvu- og skrifstofubúnaði, ráðgjöf og tengdri þjónustu. Origo hefur yfirráð yfir eftirtöldum fjórum félögum; Syndis ehf., sem starfar á sviði upplýsingaöryggis, Tölvutek ehf. sem starfar á markaði fyrir sölu á tölvum og tölvubúnaði í smásölu, þ.e., til einstaklinga og smærri fyrirtækja, Eldhaf ehf., sem starfar á markaði fyrir sölu á tölvum, tölvutengdum búnaði og farsímum, einkum frá framleiðandanum Apple og Unimaze ehf., sem er hugbúnaðarfyrirtæki sem starfar á markaði fyrir bókhaldskerfi. Þá eru félögin Applicon í Svíþjóð, Tempo og Datalab Ísland ehf. einnig hluti af samstæðu Origo.
 - b) Starfsemi Borealis DC felst í eignarhaldi og rekstri gagnavera og skyldum rekstri. Borealis DC hefur yfirráð yfir eftirtöldum félögum (100% eignarhlutur í öllum tilvikum), Borealis Data Park ehf., Borealis Facilities ehf., Borealis HPC ehf., Borealis Services ehf. og Reykjavík DC hf. Starfsemi framangreindra félaga felst einkum í rekstri gagnavera og tengdri þjónustu, en samstæðan rekur gagnaver í Reykjanesbæ, Reykjavík og á Blönduósi.
5. Væntingar samrunaaðila eru þær að hið nýja sameiginlega fyrirtæki geti haft burði til að bjóða HPC þjónustu með höfuðáherslu á erlenda markaði, með því að nýta annars vegar eignir og

¹ Samkvæmt samrunaaðilum er háhraðatölvunarþjónusta eða HPC þjónusta, þjónusta sem unnin er í ofurtölvum (e. *super computers*) sem unnið geta gögn og flókna útreikninga á margföldum hraða og afköstum miðað við hefðbundnar tölvur.



þekkingu sem Borealis DC framselur félaginu og hins vegar eignir og þekkingu sem Origo framselur því. Lýsa samrunaaðilar því yfir að engar þeirra eigna verða þess eðlis að þær séu samrunaaðilum nauðsynlegar til að sinna núverandi starfsemi og munu því samrunaaðilar ekki láta af neinni núverandi starfsemi vegna stofnunar eða starfsemi hins sameiginlega félags. Þá mun RC gera þjónustusamninga við annars vegar Origo um tiltekna upplýsingatækniþjónustu og hins vegar Borealis DC um gagnavershýsingu. Muni þetta gera RC kleift að starfa á markaði fyrir HPC þjónustu.

6. Er það mat samrunaaðila að HPC markaður sé nýtilkominn hér á landi. Hugbúnaðarfyrirtækin AtNorth og Atos bjóði þó upp á HPC þjónustu á Íslandi og einnig sé hægt að nálgast slíka þjónustu frá erlendum aðilum líkt og Amazon, IBM o.fl. Að mati samrunaaðila sé markaðurinn alþjóðlegur og áætluð heildarstærð hans fyrir árið 2023 í kringum 70 milljarða bandaríkjadala.
7. Á grundvelli ofangreindrar umfjöllunar er það mat samrunaaðila að fyrirhugaður samruni, sem felst í fyrirtækinu um hið sameiginlega verkefni, sé ekki til þess fallinn að raska samkeppni, þar sem (i) starfsemi samrunaaðila skarist ekki og felist því engin samþjöppun eða sköpun útilokunaráhrifa af samrunanum, (ii) gagnaversmarkaður sé alþjóðlegur og skapist því engin hætta á útilokunaráhrifum af samrunanum og loks (iii) að engin hætta sé á því að markaðsráðandi staða verði til með samrunanum þar sem að HPC markaðurinn sjálfur beri þess öll merki að vera alþjóðlegur.
8. Með vísan til fyrirliggjandi gagna og upplýsinga getur Samkeppniseftirlitið tekið undir skilgreiningar samrunaaðila um mögulega vöru- og þjónustumarkaði málsins og sennileg takmörkuð áhrif samrunans á samkeppni. Á mögulegum HPC markaði hér á landi eru a.m.k. tveir aðilar sem veita HPC þjónustu og myndi nýr aðili á markaði því geta veitt þeim aukið samkeppnislegt aðhald en rannsókn Samkeppniseftirlitsins bendir þó til þess að markaðurinn sé að líkindum alþjóðlegur. Með vísan til gagna málsins sé ljóst að ekki verði breyting á starfsemi samrunaaðila og nýtt félag óháð starfsemi móðurfélaganna, þar sem að það mun njóta sjálfstæðis í skilningi lögsögu leiðbeininga framkvæmdarstjórnarinnar um sjálfstæð samstarfsverkefni.²
9. Með vísan til framangreindrar umfjöllunar fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að viðkomandi samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna og lýkur rannsókn eftirlitsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Sameiginlegt verkefni Origo hf. og Borealis Data Center ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

² Commission Consolidated Jurisdictional Notice under Council Regulation (EC) No 139/2004 on the control of concentrations between undertakings (2008/C 95/01), para. 91-109